

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um ferðalán til fjarnema úr Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hversu margir fjarnemar hafa stundað nám í Kennaraháskóla Íslands nú í vetur og í fyrravetur?
2. Hversu margir af þeim búa innan lands utan höfuðborgarsvæðis hins meira (norðan og austan Hvítáanna)?
3. Hvað er gert ráð fyrir að fjarnemar í Kennaraháskóla Íslands komi oft til Reykjavíkur á önn?
4. Hver er fjárhæð ferðaláns innan lands hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna?
5. Fyrir hvað mörgum ferðum á missiri fæst slíkt ferðalán?
6. Er í því láni reiknað með aukakostnaði við framfærslu nemandanna meðan á námsdvöl stendur? Ef svo er, hvaða reglur gilda um þann aukakostnað? Ef ekki, er þá gert ráð fyrir slíkum kostnaði í almennu námsláni til fjarnema, og samkvæmt hvaða reglum?
7. Gefst þessum fjarnemum og öðrum á háskólastigi færi á annarri opinberri aðstoð til áskilinnar námsdvalar, sem samsvari til dæmis svokölluðum dreifbýlisstyrk til framhaldsskólanema?

Skriflegt svar óskast.